

*fjörög*

Bæjarstæði Stykkishólms er einstakt þar sem hamrar og haf einkenna landslagið. Byggð staðarins hefur um aldir aðlagð sig staðháttum og dreifir sér um hæðir og hóla. Höfnin er lífæð staðarins og hvílir hún í vari á milli gamla bæjarins og Súgandiseyjar sem er formfagur stuðlabergshamar sem setur sterkan svip á umhverfið.

Áður fyrr var Súgandisey laus frá landi og frjálst frá ágangi manna. Þar ríkti náttúran og sjófuglar verptu í björg. Nú hefur Súgandisey verið tengd landi og orðin að almenningsvettvangi þar sem bæjarbúar og gestir geta notið nálægðar við þá stórkostlegu náttúru sem er að finna í Breiðafirði.

Við hönnun tillögunnar Fjöregg, var leitast við að finna jafnvægi á milli þess náttúrulega og manngerða, þar sem varfærni, virðing og auðmýkt gagnvart staðnum voru leiðarstef í hugmyndavinnu og lausn verkefnisins.

Markmiðið var að hrófla við sem minnstu og bæta við sem fæstu. Þannig er notað efni sem fyrir er í eygni, bæði huglægt og efnislega. Unnið er með formgerð svæðisins, líti og tákni og vísanir í gamlar sagnir og trú.

Tillagan er þrískipt, Klofið við Stöngina, Fjöregg, og göngu- og útsýnisstaðir eyjunnar.



## Klofið við Stöngina

Þegar komið er niður núverandi tröppur frá vitanum er gróðurlaus blettur bjargmegin við stíginn, þar sem stuðlabergsgólf er sýnilegt. Þar verður jarðvegur hreinsaður ofan af, niður í bergið. Gerð verður einföld tröð að klofinu sunnan við Stöngina og mótað einfalt sæti þar sem hægt er að setjast niður og njóta umhverfisins og þessa fallega staðar.

Sett verður upp handrið sem gefur gestum aðgang og tækifæri til að horfa niður eftir stuðlabergsveggjunum, ofan í sjóinn og inn í skoru í berginu þar sem sjá má fugla. Handriðið er í breytilegri fjarlægð frá bjargbrún og gefur færi á að skoða Stöngina vel frá mörgum sjónarhornum. Það verður að einföldum handlista þar sem fjarlægð frá bjargbrún leyfir, en þéttara eins og lög og reglur segja til um, þegar því er komið fyrir úti á ystu brún bergsins. Þannig skapast öruggar aðstæður til að skoða bergdrangann og umhverfið, annað hvort með því að styðjast við grindverkið eða tilla sér í aðliggjandi grasbala. Teikning handriðsins er sótt í ölduhreyfingu hafs og grass. Handriðið er úr svörtu smíðastáli sem ryðgar og er borað niður í bergið.

## Fjöregg

Á klettasnösina austanmegin á eyinni er Fjöreggið sem er útsýnisskúlptúr, og í senn útsýnispallur, upplifunar- og áfangastaður. Fjöreggið á klettasnösinni verður sýnilegt frá bænum og þannig aðdráttarafl fyrir gesti og gangandi.

Af klettasnösinni er útsýni yfir allan Breiðafjörðinn, meðal annars hafflötinn til eyjanna í mynna Hvammsfjarðar í stefnu frá norðri til austurs og meðfram bergbrúninni til suðvesturs inn til miðbæjar Stykkishólms.

Fjöreggið verður steipt úr brons sem fær að taka á sig náttúrulega spanskgrænu þar sem litatónn og áferð ræðst af efnasamsetningu umhverfisins. Veggirnir eru þunnir sem skel með götum sem teikna flekki á eggjið eins og á eggjum sjófugla. Inni í forminu sjálfu verður samspil umhverfishljóða og sjávarlyktar, sólar og skugga .

Gengið er að egginu eftir þröngri niðurgrafinni tröð og þaðan upp í Fjöreggið. Gönguleiðin er steinstígur sem afmarkast af torfkanti beggja vegna og veitir aðhald og öryggi. Vægur langhalli er í tröðinni inn til lands, þannig að hann hreinsi sig af yfirborðsvatni. Höggvin verða þrep í stuðlana þannig að auðvelt verði að stíga inn og út úr egginu. Með þessari aðkomu er öryggi gesta tryggt og af öryggisástæðum er stærð allra gata neðan lögleggrar handriðshæðar í samræmi við reglugerðir.


Misstór og mislaga götin á veggjum skúlptúrsins ramma inn útsýnið yfir Breiðafjörðinn og gera gestum kleift að sjá í allar áttir, inni í öryggi eggisins. Hvítabjarnarey blasir við og rauðgult bergið; fuglar fljúga yfir og bátar sigla hjá, og ef horft er niður sjást kannski smáhveli og hveljur í sjónum, og fyrir ofan himinn og stjörnur.

Framkvæmd við útsýnis- og upplifunarstaðinn snertir ekki nema um einn fermetra af þessu sérstæða landslagsformi sem klettasnösina er og lögun eggisins veitir lágmarkssnertingu við landið. Eggjið er fest með stálteinum í bergið.

Fjöregg blasir við þegar gengið er og ekið út í Súgandisey. Mildu ljósi má koma fyrir í egginu en gæta verður að ljósmengun á eyjunni sjálfri. Aðgengi er að egginu allan ársins hring og er upplifunin misjöfn eftir árstíðum.

## Stígar og útsýnisstaðir

Tillagan tekur mið af núverandi stígakerfi í Súgandisey. Mikilvægt er að hugsa alla eyjuna sem heildarupplifun og að á völdum stöðum við stígana verði áningarstaðir, með margskonar útsýn, hvort sem það er yfir bæinn, fjörðinn eða höfnina. Norðurströnd eyjunnar býður til dæmis uppá ólíka náttúruupplifun og nánd, þar sem eyjan er öll lægri og hafið í augnhæð.




Fyrst og fremst er Fjöregg hugsað sem kennileiti fyrir Stykkishólm og sem glettinn, gamansamur og óvæntur áningarstaður til að njóta Súgandiseyjar og útsýnisins yfir Breiðfjörð og eyjarnar.

Fjöregg sækir form sitt og tilurð í hið margbrotna fuglalíf Breiðafjarðar þar sem nýttjar eggs og fugls voru fjöregg Breiðfirðinga þannig að þar skorti aldrei mat. Í þjóðsögunum geymir fjöreggið lífið og gæfuna. Tröllin spiluðu djarft með fjöreggin sín og léku sér að því að henda þeim á milli sín þar til þau dóu bara út.

Við Breiðafjörðinn finnast egg og eggjaskurnir alls staðar þar sem farið er um sem myndbirting þess að hér hafi kviknað líf og að lífkeðjan sé enn órofin. Gæfan og lífið er fallvalt og viðkvæmt. Fjöreggið í Stykkishólmi vegur salt á egginni til áréttingar um að leika okkur ekki að fjöreggi náttúrunnar, heldur í fjöreggi náttúrunnar.





tröð mótuð í grasbakkann


bylgjulaga handrið í breytilegri fjarlægð frá bjargbrún

Stöng

Klof


hreinsað stuðlabergsgólf þar sem setjast má á bergið


sæti við Klofið mótað úr stuðlum af staðnum




jarðvegslagið hreinsað burt niður að stuðlum bergsins  
það mótar tröðina að Fjöreggi





































43975